Tungumálatorgið

Framtíðin er núna
– tækni fyrir alla

Ráðstefna 3f - Ásbrú - 11. mars 2011

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

Hvað?

- Námsvefir
- Upplýsinga-, efnis- og samfélagsvefir
- Ráðgjafavefir

Tungumálatorg

Hvers vegna?

- Tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum
- Stuðla að samstarfi kennara án tillits til búsetu
- Efla kennara í starfi með gagnkvæmum samskiptum og hagnýtu stoðefni
- Koma efni á framfæri og samnýta þekkingu, reynslu og fé

Hvernig?

- Rætur í opinberri stefnumótun, starfi frumkvöðla og sýn á þarfir og framtíð skólastarfs
- Sprettur upp af raunverulegri þörf í skólasamfélaginu
- Hefur styrkst af samstarfi ýmissa einstaklinga, stofnana og ráðuneytis
- Samlegðaráhrif og stuðningur skilar sprotum og fyrirmyndum til framtíðar

Umfram allt efni frá fólki...

í starfssamfélagi torgsins



Tungumálatorg

Digital Habitats. Stewarding technology for communities.
Wenger, White, Smith.



Tungumálatorg

Í hverri lotu verða valin verkfæri kynnt til sögunnar

A. Samskipti

B. Efnismiðlun

C. Skapandi vinna

D. Annað

Forkönnun (N=30)

- Ertu með aðgang að vefmyndavél?
  67%
- Ertu með aðgang að síma með myndavél?
  70%
- Hefur þú notað GoogleDocs skjalasvæðið?
  33%
- Ertu með aðgang á Facebook?
  100%

Hver eru markmið þín með þátttöku á námskeiðinu?

- Mín markmið eru að verða færari kennari með margar hugmyndir að fjölbreyttari kennsluháttum.
  Verða betri en ég er fyrir nemendur mína.
  Kynnast fólki sem er að gera svipaða hluti og ég.
  Hafa gaman af þessu. :)

- Að efla færni mína í starfi. Ég vil gjarnan að nemendur mínir geti unnið fjölbreytt og lifandi verkefni og til þess að það geti gerst þá þarf ég að kunna það líka.

- Að kynnast nýjum "viðurkenndum" forritum sem ég hef ekki komist í kynni við áður og vonandi fá tækifæri til að sýna öðrum kennurum í skólanum þessi verkfæri. Get á móti vonandi komið á framfæri öðrum forritum sem ekki eru á verkfæralistanum ykkar og koma sér vonandi vel fyrir aðra kennara.

- Auka þekkingu mína og geta miðlað til samkennara. Bæta kennsluna með því að hafa fleiri möguleika með hjálp tækninnar

Hvað hefur þú helst áhuga á að kynna þér á námskeiðinu?

- T.d. lausnir fyrir samskipti á milli landa með nemendaskipti í huga, skiptast á efni og hugmyndum, fá hugmyndir um frekari tölvunotkun í kennslu, skapandi vinnu og bara hafa gaman af að kynnast fólki!

- Mestan áhuga hef ég á umræðum og efnismiðlun sem snerta samvinnunám, einkum hvað varðar munnlegar æfingar og mat á þeim. Þá eru æfingar sem þjálfa nemendur í námstækni mér ofarlega í huga.

- Ég er í sjálfu sér opin fyrir öllu - er spennt fyrir því að prófa ýmis forrit sem ég hef ekki heyrt um og/eða hef ekki notað. Hugarkortagerð er mikið til umræðu í skólanum mínum þessa dagana.

  Þau net-verkfæri sem eru í boði fyrir kennara í dag - fyrir skapandi vinnu. Annars er allt áhugavert.

Fram undan

- Tryggja þarf að grunnvinna sem þegar hefur farið fram nýtist til framtíðar
- Þróa þarf verkið í áföngum í samræmi við áherslur og þarfir notenda á hverjum tíma

- Langhlaup – ekki spretthlaup

Stuðningur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntasvið Reykjavíkur og Menntavísindasvið Háskóla Íslands leggja Tungumálatorginu lið með aðstöðu og mannafla. Einstaklingar og ýmis samtök tungumálakennara hafa einnig komið að verkefninu.

Verkið er unnið fyrir styrki frá Mennta- og Menningarmálaráðuneyti, Sprotasjóði, Samstarfssjóði Íslands og Danmerkur, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Þróunarsjóði innflytjendamála, Nordplus og Vinnumálastofnun.